

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 527/1980 um Byggingarsjóð verkamanna og félagslegar íbúðabyggingar.

1. gr.

Síðustu 2 málsgreinar 23. greinar falli niður, en í þeirra stað komi eftirfarandi: Húsnæðisstofnun ríkisins annast verðlagingu félagslegra íbúða.

Húsnæðismálastjórn skal skipa innan stofnunarinnar þriggja manna starfshóp sem annast framkvæmd matsgerða og samræmda verðlagningu félagslegra íbúða um allt land.

Starfshópurinn skal skipaður lögfræðingi stofnunarinnar sem skal vera formaður hópsins, einum starfsmanni tæknideildar og einum manni frá lánadeild fyrir félagslegar íbúðir.

Við matsgerðir skal starfshópurinn gæta jafnt hagsmuna seljanda og kaupanda íbúðanna og gefa báðum aðilum kost á því að koma athugasemdum á framfæri.

Kostnaður við störf starfshópsins greiðist með sama hætti og annar kostnaður við starfsemi Húsnæðisstofnunarinnar.

Ráða skal fulltrúa í lánadeild félagslegra íbúða sem hefur það hlutverk sérstaklega að meta íbúðir sem koma til endursölu. Heimilt er, með samþykki húsnæðismálastjórnar, að ráða trúnaðarmenn úti á landi til þess að annast skoðun íbúða í sínu byggðarlagi.

Húsnæðismálastjórn skal eftir tillögum frá starfshópnum setja reglur um framkvæmd matsstarfa og um innkaup og endursölu félagslegra íbúða og annað það sem lýtur að framkvæmd þessara mála. Þær reglur skulu sendar félagsmálaráðuneytinu til staðfestingar.

Ef málsaðilar sætta sig ekki við niðursöður starfshópsins, má skjóta ágreiningi til húsnæðismálastjórnar og ef ekki næst samkomulag, til úrskurðar félagsmálaráðuneytisins.

Málsaðilar eiga rétt á yfirmati dómkvaddra manna. Matsbeiðandi greiðir kostnað við yfirmat.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 51 9. júní 1980, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. mars 1982 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 23. mars 1982.

Svavar Gestsson.

Hallgrímur Dalberg.